

## Falsaðar hagtölur

Afkoma fólks og fyrirtækja skiptir máli, ekki bara í daglegu lífi heldur líka til dæmis fyrir kosningar. Þess vegna höldum við úti hagstofum til að slá máli á vöxt og viðgang efnahagslífsins eftir samræmdum reglum sem menn hafa komið sér saman um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við þurfum að vita hvar við stöndum og hvert við stefnum.

### Drotningin

Drotningin hagtálnanna er landsframléiðslan. Henni er ætlað að sýna árangur efnahagsstarfseminnar á einu bretti. Landsframléiðslan er skilgreind með sama hætti alls staðar um heiminn svo að hægt sé að bera lönd saman. Henni er ætlað að ná utan um alla framléiðslu og allar tekjur lands og þjóðar á einu ári. Algengast er að notast við framléiðslu og tekjur á mann í Bandaríkjadöllum til að auðvelda samanburð milli landa. Þessi mælikvarði er ófullkominn, það vita menn. Hann nær t.d. ekki yfir heimavinnu, tekur ekki mið af fyrirhöfninni á bak við framléiðsluna (t.d. fjölda vinnustunda) og ekki heldur af umhverfisspjöllum sem fylgja framléiðslunni og segir ekkert um hvernig framléiðslan og tekjurnar skiptast milli fólks. Allt þetta er löngu vitað.

Hinu hafa menn gefið minni gaum að ríkisvaldið sem rekur hagstofurnar sem taka hagtölurnar saman hefur hag af því að þær gefi sem bjartasta mynd af ástandinu og getur því freistast til að hagræða tölunum til að láta þær – og ríkisvaldið! – líta betur út. Þetta er að vísu erfitt ef ekki næstum ógerlegt í lýðræðisríkjum þar sem stjórnarandstöðuflokkar, frjálsir fjölmiðlar, dómstólar og almenningur geta grandskoðað tölurnar og gengið úr skugga um sannleiksgildi þeirra og blásið í flautu ef út af ber. En þessu er ekki að heilsa í einræðisríkjum. Þar er hægt að falsa hagtölur og komast upp með það.

Og þá erum við komin að kjarna málsins.

### Gervihnattamyndir

Er til einhver annar mælikvarði á ástand efnahagslífsins sem jafnvel einræðisstjórnir ná ekki að falsa? Svarið er já.

Gervihnattir á sveimi umhverfis jörðina taka sífellt betri myndir sem þeir senda niður til okkar. Þessar myndir sýna meðal annars hvernig löndin eru lýst að næturlagi. Meðfylgjandi mynd er af Kóreuskaga eftir að sólin er sett. Myndin sýnir að Suður-Kórea er vel upplýst, allt landið og einkum höfuðborgin Seúl í norðvesturhorni landsins á miðri myndinni. Yfir Norður-Kóreu gnæfir á hinn bóginn niðamyrcur ef frá er talin dauf ljóstýra í höfuðborginni Pongjang nokkru norðan og vestan við Seúl. Þetta skiptir máli vegna þess að næturljós og afkoma haldast í hendur.

### Lýðræði og vöxtur

Þetta dæmi af Kóreuskaga má heimfæra á heiminn allan. Kolombíski hagfræðingurinn Luis R. Martínez, lektor í Chicago-háskóla, lagði yfir tölurnar og birti niðurstöður sínar um daginn. Hann notar lýðræðisvísitölur frá Freedom House sem skiptir um 200 löndum í þrjú flokka: frjáls, frjálst að hluta og ófrjálst eftir þeim einkunum sem löndunum eru gefnar fyrir ástand stjórnarréttinda annars vegar (kosningafyrirkomulag, fjölraði og þátttaka almennings og stjórnsýsla) og borgararéttinda hins vegar (skoðana- og trúfrelsi, fundafrelsi, skilvirkni réttarríkisins og frelsi einstaklingsins). Martínez sýnir að í frjálsum löndum haldast opinberar þjóðhagsreikningatölur um landsframléiðslu og þjóðartekjur í hendur við næturljósin á gervihnattamyndunum. Þar eru engin umtalsverð frávik.

Um ófrjáls lönd gegnir öðru máli. Þar eru næturljósin miklum mun daufari en þjóðhagsreikningatölurnar ættu að leyfa. Martínez ályktar að einræðisríki ýki landsframléiðslu sína yfirleitt svo mjög að þau segi hana vera meira en tvisvar sinnum meiri

[Type here]

en hún er í raun og veru að meðaltali, sum ríkin ýkja meira, önnur minna. Þetta þýðir að landsframleiðslan í einræðisríkjum er í reyndinni helmingi minni að jafnaði en hún virðist vera í opinberum þjóðhagsreikningum. Þetta þóttust menn vita fyrir um Kína þar sem rannsóknir benda til að árlegur vöxtur landsframleiðslunnar hafi verið 2% minni en opinberar tölur herma. Um önnur einræðisríki var lítið sem ekkert vitað fyrir en nú. Nú hljótum við að skoða þjóðhagsreikninga Írans, Rússlands, Sáði-Arabíu, Tyrklands og annarra einræðisríkja öðrum augum en áður.

Fáræðisríkin sem Freedom House kallar frjáls að hluta og flokkar því hvorki sem lýðræðisríki né einræðisríki hneigjast einnig til að ýkja landsframleiðslu sína, en ýkjurnar þar eru mun minni en í einræðisríkjum. Fáræðisríkin bæta að jafnaði 28% ofan á landsframleiðslutölur sínar til að láta þær líta betur út, ekki 104% eins og einræðisríkin gera að ekki sé talað um 2% eins og lýðræðisríkin gera.

Hér birtist okkur enn eitt dæmið um yfirburði lýðræðis umfram aðra stjórnarhætti. Þetta dæmi ætti einnig að slá út af borðinu fullyrðingar um að einræði og fáræði geti með því að halda aftur af hagsmunahópum rutt úr vegi ljónum á vegi vaxtar og viðgangs í efnahagslífinu.

### **Meira um lýðræðismælingar**

Tölur Freedom House um lýðræði og lýðfrelsi ná hálfra öld aftur í tímann og þeim ber yfirleitt vel saman við aðrar lýðræðismælingar. Stofnunin fer ekki í manngreinaralit eins og ráða má af því að hún lýsir nú orðið hvorki Bandaríkjunum né Íslandi sem óskoruðum lýðræðisríkjum. Freedom House lækkaði lýðræðiseinkunn Bandaríkjanna smám saman úr 93 fyrir 2013 niður í 83 fyrir 2022. Á sama tíma lækkaði lýðræðiseinkunn Íslands úr 100 (fullt hús stiga) 2013 niður í 94 fyrir 2022.

Lýðræðisstofnun Gautaborgarháskóla tekur í sama streng. Þar skipa Bandaríkin 29. sæti lýðræðislistans í hópi 179 landa. Ísland er feti frammar í 25. sæti. Svíþjóð og Danmörk skipa tvö efstu sætin. Rússland er í 151. sæti og Kína í 172. sæti.

Við skulum skoða þessa vitnisburði um lýðræði betur hér í *Vísbendingu* við tækifæri.



### **Tilvísanir**

Luis R. Martínez (2022), „How Much Should We Trust the Dictator’s GDP Growth Estimates?“, *Journal of Political Economy* 130 (10), október, bls. 2731-2769.

Lýðræðisstofnunin í Gautaborgarháskóla (2022). V-Dem Institute, [https://www.v-dem.net/documents/19/dr\\_2022\\_ipyOpLP.pdf](https://www.v-dem.net/documents/19/dr_2022_ipyOpLP.pdf).